AUGLÝSING

um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hrísey í landi Miðhúsa, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu og er eyjan **friðland.**

Friðlandið er Hrísey sjálf ásamt fjöru þeirri sem henni fylgir á stórstraumsfjöru allt að 100 metrum frá meðal stórstraumsflóðsmörkum.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:



1. Banað er að skerða gróður eða breyta gróðurfari í Hrísey. Beit búfjár er óheimil í eyjunni.
2. Óheimilt er að skerða fjörugróður við Hrísey innan marka friðlandsins.

3. Bannað er að granda fuglum í friðlandinu nema svo sem nauðsynlegt kann að reynast vegna nytja æðarvarps.
4. Umferð um eyjuna er bönnuð á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí án heimildar Náttúruverndarráðs eða umboðsmanns þess.
5. Náttúruverndarráði er heimilt að leyfa nitjar æðarvarps og annarra hlunninda í og við eyjuna.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. nóvember 1977

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 426. 1. desember 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 285 26. júlí 1977 um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað.

1. gr.

2. mgr. 6. greinar orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir eru hæstu lögleyfðir vextir og greiðast þeir eftir á.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 427. 9. desember 1977.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á utanverðu Strandagrunni.

1. gr.

Til 15. janúar 1978, eru veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði á utanverðu Strandagrunni, sem afmarkast af eftirgreindum línum:

að norðan af: 67°26 N
að sunnan af: 67°07 N
að vestan af: 20°40 V
að austan af: 20°00 V